

Ed.

764. Nefndarálit

[193. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, o. fl.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á einum fundi og ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Vill meiri hl. láta samþykkja það með nokkrum breytingum. Á þetta get ég ekki fallizt af eftirfarandi ástæðum:

Frv. er borið fram sem breyting á lögum nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, eins og fyrirsögnin ber með sér. Aðeins 1. gr. frv. er þó efnislega tengd þeim lögum. 2. gr. frv. er nýtt og alveg óskytt mál, sem að visu mætti tengja við þau lög sem bráðabirgðaákvæði, þar sem fyrirmælin eru tímabundin, en greinin á þó ekkert skylt við þessi lög og því langeðlilegast að bera þá grein fram í sérstöku frv. 3. gr. er breyting á lögum nr. 112 15. des. 1950 og á því að berast fram sem sérstakt frv. til breyt. á 1. gr. þeirra laga.

Ég er efnislega samþykkur ákvæðum frv., en ég tel hins vegar rétt og nauðsynlegt að fella niður úr því 2. og 3. gr., en að nefndin beri jafnframt fram frv. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að auka yfirdrátt Íslands sem þátttakanda í Greiðslubandalagi Evrópu, og enn fremur annað frv. til laga um breyting á lögum nr. 112 15. des. 1950, um framlengingu á gildi III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtiðarráðstafanir vegna atvinnuveganna. Þarf þessi sjálfsagða meðferð á málinu ekki að hefja afgreiðslu þess sem nokkru nemur, en þinginu aðeins til sóma að gera á frv. þessar breytingar.

Ég legg því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Greinin falli niður.
2. Við 3. gr. Greinin falli niður.

Alþingi, 2. marz 1951.

Gísli Jónsson,
fundaskr.